

Miðvikudaginn 20. janúar 1943.

Nr. 64/1942. **Eigendur og skipshöfn v/b Ársæls V.E. S**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Lárusi Fjeldsted f. h. eigenda e/s Kinaldie
A 83 og gagnsök (Theódór B. Lindal).

Bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, ásamt samdómsmönnum Lúðviki N. Lúðvikssyni og Ólafi St. Ólafssyni.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. júní 1942 og krafizt þess aðallega, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 93000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 7. marz 1942, til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur af sinni hálfu skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 10. júní 1942. Krefst hann þess aðallega, að honum verði aðeins gert að greiða hæfilega þóknun fyrir dráttaraðstoð, þó ekki yfir 15000 krónur, en til vara, ef björgun verði metin, hæfileg björgunarlaun, þó ekki yfir 30000 krónur, ásamt 5% ársvöxtum. Svo krefst hann og niðurfalls málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Fyrir hæstarétti hefur aðaláfrýjandi lagt fram kvittun Skipaútgerðar ríkisins fyrir því, að hann hafi greitt henni fyrir aðstoð varðbátsins Óðins, þá er í héraðsdómi getur. Það athugasast, að, eftir því sem fram hefur komið hér fyrir dómi, hefur töf aðaláfrýjanda frá fiskveiðum vegna sjóprófa orðið að mun meiri en ráð er gert fyrir í héraðsdómi.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdómsins ber að staðfesta hann, þó svo, að bjarglaun ákveðast kr. 60000.00 og vextir 6% frá 7. marz 1942 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst kr. 1500.00.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Lárus Fjeldsted f. h. eigenda e/s Kinaldie A 83, greiði aðaláfrýjanda, eigendum og skipshöfn v/b Ársæls V.E. 8, kr. 60000.00 með 6% ársvöxtum frá 7. marz 1942 til greiðsludags, kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og kr. 1500.00 í málskostnað fyrir hestarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 26. maí 1942.

Mál þetta, sem var flutt hinn 19. þ. m., er höfðað af Karli Ó. Guðmundssyni skipstjóra, Urðaveg 8, Vestmannaeyjum, f. h. eigenda og skipshafnar v/b Ársæls V.E. 8 með stefnu, útgefinni 7. marz s. l., birtri 9. s. m., á hendur Robert Hogg, skipstjóra á e/s Kinaldie A 83 frá Aberdeen, f. h. eigenda og váttryggienda e/s Kinaldie og farms skipsins til greiðslu in solidum, en subsidiært pro rata á björgunarlaunum, að upphæð kr. 93000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 23. febrúar 1942 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins, og enn fremur til viðurkenningar sjóveðrétti í e/s Kinaldie fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi breytt kröfum sínum á þá leið, að hann hefur fallið frá kröfu sinni á hendur váttryggiendum skipsins, en krafizt þess, að stefndur Robert Hogg f. h. eigenda e/s Kinaldie verði dæmdur til að greiða stefnandanum kr. 93000.00 í björgunarlaun eða til vara hlutfallslega upphæð samkv. mati réttarins ásamt vöxtum samkv. því, sem ofan greinir, svo og málskostnað samkv. framlögðum reikningi, sem nemur að upphæð kr. 6226.60. Jafnframt hefur stefnandi fallið frá kröfu sinni um, að sjóveðréttur verði viðurkenndur með dómi réttarins í skipinu, þar sem trygging hafi verið sett fyrir greiðslu björgunarlauna samkv. því, sem dómur kynni að ákveða.

Stefndur hefur mætt og látið mæta í málinu og samþykkt, að málið yrði dæmt af íslenskum dómstólum. Hefur stefndur gert þar réttarkröfur, að eigendur skipsins verði aðeins dæmdir til að greiða stefnandanum hæfilega upphæð samkv. mati dómsins, þó ekki yfir kr. 15000.00, fyrir dráttaraðstoð, en til vara björgunarlaun effir mati dómsins, þó ekki yfir kr. 30000.00, að vextir verði aðeins reiknaðir 5% p. a., talið frá stefnudegi, og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir: Hinn 4. febrúar s. l. lagði e/s Kinaldie af stað frá Aberdeen áleiðis til Íslands. Kom skipið upp að suðurströnd landsins hinn 12. febrúar s. l. og fór þá að fiska og var að veiðum frá heim tíma til 21. sama mánaðar. Laugardaginn 21. febrúar lagði skipið af stað heimleiðis, og var þá statt samkv. frásögn skipstjórans 20 sjómilur VAS frá Heimaey, er klukkan var 11 síðdegis eftir brezkum sumartíma, og tók þá stefnu í AAN. Kveðst skipstjórinn hafa séð vitann á Stórhöfða um það bil, er hann var að leggja af stað, en misst svo sjónar á honum. Kl. 0¼ eftir miðnætti sá skipstjórinn 2 kletta í sjónum í norðaustlæga átt og breytti þá stefnu skipsins í NA. Kl. 1 eftir miðnætti sáust boðar framundan, og gaf skipstjóri skipun um að láta vélina vinna aftur á bak, og snerist skipið við það til norðurs, og tók afturendi skipsins niðri á grunni, en losnaði þegar í stað. Kom þá í ljós, að skrófa skipsins hafði brotnað, svo að skipið lét ekki að stjórn. Einnig bilaði stýri skipsins, svo að það var ekki nothæft. Skipstjóri sendi þá út neyðarljós, en loftskeytataeki hafði skipið ekki. Nokkur leki kom að skipinu, en þó ekki meiri en það, að hægt var að halda skipinu þurru með austurtæki. Logn var, en nokkur undiralda, og rak skipið fyrir straum um nokkurn tíma, unz v/b Ársæll V.E. 8 kom á staðinn, og hafði þá liðið um klukkustund frá því neyðarljós voru send út.

Samkv. frásögn skipstjórans og skipshafnarinnar á v/b Ársæl var háturinn í fiskiróðri og hafði lagt af stað frá Vestmannaeyjum kl. 3 e. h. laugardaginn 21. febrúar s. l. og sigldi vestur fyrir Eyjar ca. 20 sjómilur NNV af Heimaey. Toguðu þeir þar, þangað til klukkan um 10 e. h., en sigldu þá burtu og héldu austur með landi. Er þeir höfðu siglt um eina klukkustund, sáu þeir neyðarljós allfjarri í stefnunni VSV, eða vestan við Þridranga. Beygðu þeir þegar í áttina þangað og héldu með fullri ferð stefnunni rétt vestan við Þridrangaskerinn. Síðan sigldu þeir meðfram skerjunum að vestan, en mjög stutt frá heim, og beygðu því næst í austur í sunni milli Litla boða og Drangaskerja og að lokum til norðurs um leið og rennt var upp að e/s Kinaldie, og voru þá liðnir ca. 3 stundarfjórðungar frá því skipshöfn á v/b Ársæl hafði séð neyðarljósinn. Samkv. frásögn skipstjórans á v/b Ársæl var e/s Kinaldie statt sem næst 100 faðma kompássuður frá austasta brotinu á Drangaskerjum, er v/b Ársæll kom á staðinn. En samkv. frásögn skipstjórans á e/s Kinaldie hafði skipið rekið vestur um 1000 til 1500 yards frá skerinu, er það tók niðri á.

Er v/b Ársæll kom að, óskaði skipstjórinn á e/s Kinaldie hjálpar, og renndi v/b Ársæll þá fram með skipinu og tók við dráttartaug frá e/s Kinaldie, sem fest var um borð í v/b Ársæl, og þar næst var farið að draga skipið af stað. Sigldi v/b Ársæll fyrst í SSV út frá skerjunum, en eftir ca. 15—20 mínútur var stefnan

sett til Eyja og komið undir Eiðið kl. 3½ um nóttina. Lagðist skipið þar, með því að lágsjávað var. Um morguninn var þungur austansjór, svo hafnsögmaðurinn taldi ekki viðlit að draga skipið inn á innri höfnina. Beið v/b Ársæll allan sunnudaginn með vélna í gangi, en um kl. 8—9 e. h. hafði lægt svo, að hafnsögumanninum þótt fært að draga skipið inn. Fékk skipstjórinn á v/b Ársæli varðskipið Óðinn sér til aðstoðar við að draga e/s Kinaldie inn á innri höfnina, og tókst það vel. Var e/s Kinaldie síðan lagt við Bása-skersbryggju.

Nokkrum dögum eftir að skipinu var lagt við bryggjuna, var skipið flutt til og því lagt við svo kallað Löngunef á innri höfninni. Rak skipið þaðan upp í fjöru og hefur staðið þar síðan, en um skemmdir á skipinu virðist ekki hafa verið að ræða, enda er sléttur sandur undir.

Stefnandi heldur því fram, að e/s Kinaldie hafi verið stött í neyð og yfirvofandi háska, er v/b Ársæll kom því til hjálpar, og að hér hafi verið um tvímælalausa björgun að ræða. Eigi hann þar af leiðandi rétt til björgunarlauna samkv. ákvæðum siglinga-laganna um björgun fyrir þá hjálp, er hann veitti, og nema kröfur hans þeim upphæðum, sem ofan greinir.

Stefndur byggir aðalkröfu sína á því, að hér hafi ekki verið um björgun að ræða, heldur aðstoð, þar sem e/s Kinaldie hafi ekki verið stött í neyð og hvorki skip né skipshöfn hafi verið í nokkurri hættu.

Í málinu er það upplýst, að e/s Kinaldie var með brotna skrúfu og bilað stýri og að það rak stjórnlaust fyrir straum, er v/b Ársæll kom því til hjálpar. Engin varaskrúfa var á skipinu, og samkv. því, sem fram kom í hinum munnlega málfutningi, hafði skipið engin segl, og telja verður, að ekki hefði verið hægt að nota þreseningar yfir lúgum skipsins, sem eru mjög litlar, í þeirra stað. Um nákvæman stað skipsins, er því var bjargað, gætir nokkurs ósamræmis í framburði skipshafnarinnar á v/b Ársæl og skipshafnarinnar á e/s Kinaldie, sem ekki verður talið, að skipti neinu verulegu máli, þar sem það er upplýst, að skipið var stött rétt hjá Drangaskerjum, sem eru mjög hættuleg, svo ekki er um annan jafn hættulegan stað að ræða í nánd við Vestmannaeyjar. Logn var, eins og áður er getið, og sem hélzt fram eftir sunnudeginum, og réð því straumur, hvert skipið rak, en eins og kunnugt er, verða straumskipti á 6 klukkutíma fresti, eða við útfall og aðfall, og hlaut því skipið að reka til baka sömu eða mjög líka leið, og þannig koma nálægt þeim stað, er það rak frá, svo að hending mundi ráða, hvort það bæriskt upp á skerin eða ræki fram hjá þeim. Um veðrið er það annars upplýst, að á aðfaranótt mánudags gerði austanrok, sem var 8 vindstig í Vestmannaeyjum og hélzt fram á þriðjudag. Upplýst er, að skipið hafði hvorki talstöð sé loftskeyta-

tæki og að engir aðrir bátar en v/b Ársæll voru á þeim slóðum, er e/s Kinaldie var, er því var bjargað. Það virðist einnig mega ráða af framburði skipstjórans um siglingu e/s Kinaldie, að honum hafi ekki verið ljóst, hvar skipið var. Af þessum ástæðum telur rétturinn, að högum skipsins hafi verið þannig háttað, að líkur voru ekki til, að það hefði komizt til hafnar af eigin ramleik, og að skip og skipshöfn hafi verið stött í allmikilli hættu. Rétturinn telur þar af leiðandi, að hér hafi verið um ótvíæða björgun að ræða og að v/b Ársæll eigi rétt til björgunarlauna samkv. fyrirmælum siglingalaganna.

Stefndur heldur því fram, að við ákvörðun björgunarlaunanna beri að taka tillit til þess, að eftir að e/s Kinaldie hafði verið lagt í innri höfnina í Vestmannaeyjum, hafi það rekið, eins og áður er getið, upp í fjöru, og kosti það ærið fé að draga það út þaðan og auk þess hafi allmikill kostnaður hlaðizt á skipið af þessum sökum, þar sem skipshöfnin sé öll á launum hjá stefndum. Rétturinn lítur hins vegar svo á, að ekki beri að taka tillit til þessa, þar sem björgunarstarfi v/b Ársæls hafi verið lokið, er e/s Kinaldie hafði verið lagt við Básaskersbryggju, sem telja verður öruggasta skipalægi, sem völ er á á innri höfninni, og eins bendir ekkert, sem komið hefur fram í málinu, til þess, að stefnandi hafi átt nokkurn þátt í, að skipið var flutt til innan hafnarinnar, heldur virðist það eingöngu hafa verið ráðstöfun hafnararfirvaldanna.

Stefnandi krefst þess, að við ákvörðun björgunarlaunanna verði tekið tillit til þess kostnaðar, sem af því leiddi fyrir hann, að hafa þurft að fá aðstoð Óðins við að draga e/s Kinaldie frá Eiðinu inn á innri höfnina. Í málinu liggja ekki fyrir neinar yfirlýsingar frá eigendum v/s Óðins um, að þeir telji sig einungis eiga aðgang að stefnanda fyrir þá hjálp, sem skipið veitti, en báðir aðiljar eru sammála um, að aðstoð v/s Óðins var veitt samkv. beiðni stefnanda og að skipstjórinn á e/s Kinaldie átti þar engan hlut að. Enn fremur hefur stefnandi lagt fram í málinu skriflega yfirlýsingu, þar sem hann tekur það fram, að sér beri að greiða fyrir aðstoð v/s Óðins, og að það hafi verið skýrt tekið fram við skipstjórann á Óðni, er samið var um aðstoðina, að hann ætti aðeins aðgang að stefnanda, en ekki að stefndum fyrir verk sitt. Þykir verða að ganga út frá, að þetta sé rétt, enda hefur þetta ekki verið véfengt af stefndum. Verða því björgunarlaunin ákveðin með hliðsjón af aðstoð v/s Óðins, þannig að ómakslaun þess verða innifalin í hinum tildæmdu björgunarlaunum.

Stefnandi kveðst hafa tafizt frá veiðum í 5 sólarhringa vegna björgunarinnar og eftirfarandi sjóprófa og hafi beðið aflatjón af þeim sökum, sem nemi um 10 þúsund krónum, er miðað sé við afla hliðstæðra báta á þessum tíma. Eins og ofan greinir, tók björg-

unarstarfið sjálft tæpan sólarhring, eða frá þeim tíma, er v/b Ársæll sá neyðarljósin og lagði af stað til björgunarinnar og þangað til e/s Kinaldie hafði verið lagt við bryggju á innri höfninni. Vegna sjóprófanna virðist ekki hafa verið nauðsynlegt að láta skip og skipshöfn bíða í landi lengur en einn sólarhring, og virðist því töl stefnanda frá fiskveiðum vegna björgunarinnar og sjóprófanna ekki hafa þurft að nema meiru en 2 sólarhringum. Með tilliti til þessa og samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um afla hliðstæðra báta, virðist aflatjón stefnanda hæfilega áætlað kr. 3000.00.

Um verðmæti e/s Kinaldie liggja fyrir þessar upplýsingar: Samkv. mati, sem fram fór 26. og 28. febr. s. l., var skipið metið á kr. 215000.00 og veiðarfæri þess, afli og kolabirgðir o. fl. á kr. 16797.68. En samkv. yfirmati, sem fram fór 6. marz s. l., var skipið ásamt öllu því, er skipinu fylgdi, er björgunin fór fram, metið á kr. 308880.00, þar af skipið sjálft á kr. 292000.00. Báðir aðiljar hafa gert athugasemdir við yfirmatið. Telur stefnandi, að matið sé of lágt, og hefur skýrt svo frá, að ákveðinn maður hér í bæ hafi gert tilboð í að kaupa skipið, þar sem það liggur, fyrir kr. 400000.00. Stefnur hins vegar telur matið of hátt, og heldur því fram, að yfirmatsmennirnir muni hafa miðað við það verð á skipum, sem nú er, í stað þess að miða við verð fyrir stríð, sem átt hefði að gera, og enn fremur hafi matsmennirnir ekki tekið tillit til þess, að hér var um brezkt skip að ræða og þeirra kvaða, sem á slíkum skipum hvila, útflutningsbann o. fl. Rétturinn litur svo á, að við mat á skipinu beri að miða við gangverð á skipum á þeim stað og á þeim tíma, er matið fór fram, enda annað lítt framkvæmanlegt, og eins litur rétturinn svo á, að ofangreint kauptilboð gefi ekki næga ástæðu til að vikja frá yfirmatinu. Verður yfirmatið því lagt til grundvallar í málinu, eins og það er.

Um verðmæti v/b Ársæls hefur stefnandi upplýst, að ásamt botnvörpuveiðarfærum og öllum útbúnaði sé skipið yfir 125 þús. kr. virði, en að það sé tryggt án veiðarfæra fyrir rúmar 70 þús. krónur.

Við ákvörðun björgunarlaunanna þykir fyrst og fremst eiga að taka tillit til, að björgunin tókst til fullnustu og var leyst vel af hendi og að e/s Kinaldie og skipshöfn þess var stutt í allmikilli hættu. Enn fremur varð stefnandi fyrir nokkrum kostnaði og aflatjóni, sbr. það, sem ofan greinir um aðstoð v/s Óðins og aflatjón stefnanda. Hins vegar tók björgunin ekki langan tíma og verður ekki talin sérstaklega áhættusöm. Að þessu og öðru athuguðu svo og með tilliti til verðmætis hins bjargaða, þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 50000.00, er stefndum ber að greiða ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi, hinn 7. marz s. l., til greiðsludags. Kostnaður við sjópróf og mat verður eftir atvikum

talinn með málskostnaði. Samkv. því og með tilliti til málavaxta þykir málskostnaður stefnanda til handa hæfilega ákveðinn kr. 5000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Robert Hogg f. h. eigenda e/s Kinaldie, greiði stefnandanum, Karli Ó. Guðmundssyni f. h. eigenda og skips-hafnar v/b Ársæls, kr. 50000.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 7. marz 1942 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 sólarhringa frá lög-birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. janúar 1943.

Nr. 5/1942. H/f Hængur (Jón Ásbjörnsson)
gegn

**Hafnarstjóra Reykjavíkur f. h. hafnarsjóðs
og gagnsök (Lárus Jóhannesson).**

Bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1942 og krafizt þess, að bjarglaun verði lækkuð eftir mati dómsins frá því, sem dæmt var í héraði. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir báðum dómum, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi, sem af sinni hálfu hefur skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 4. febr. 1942, krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 115000.00 eða til vara aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins með 6% ársvöxtum frá 30. jan. 1941 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að bjarglaun ákveðast kr. 70000.00 ásamt vöxtum eins og í héraðsdómi segir.

Svo þykir og rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, kr. 5000.00.